



Sunnudaginn 8. september 2013 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Brynjólfur Friðriksson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Starfsmannamál.
4. Mötuneytismál.
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.35 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólastarfið fer vel af stað, nemendum hefur fækkað í grunnskóla frá síðasta skólaári og eru þeir 56 í upphafi skólaárs.

Fækkað hefur um einn kennara. Fjölgað hefur í leikskóla og eru nemendur 15 í upphafi skólaárs.

Starfsmenn á leikskóla eru nú þrír. Stefnt er að því að á næsta skólaári verði rými skólans þar sem nú eru 1 - 4 bekkur (Lambastaðir) nýtt fyrir tónlistarskólann. Nemendur 1 - 4 bekkjar verða fluttir í kennslustofu 3. og 4.

3. Starfsmannamál.

Berglind Hlín Baldursdóttir hefur umsjón með sérkennslu.

Turid Gunnarsdóttir hefur verið ráðin sem stuðningsfulltrúi fyrir 1 til 4 bekk í 40% starf.

Ingibjörg Jónsdóttir hefur verið ráðinn tímabundið í 100% starf á leikskólanum.

4. Drög að uppgjöri mötuneytis 2012-2013.

Lögð voru fram drög að uppgjöri mötuneytis skólaárið 2012-2013. Gjöld umfram tekjur eru um 770 þúsund kr. Gengið verður frá endanlegu uppgjöri mötuneytis fyrir næstu áramót.

Sveitarfélagið tekur við rekstri mötuneytisins frá og með þessu skólaári. Ljóst er að hækka þarf mötuneytisgjöld eitthvað.

Önnur mál.

Að gefnu tilefni áréttar fræðslunefnd að nauðsynlegt sé að lögbundin framlög fáiast með öllum nemendu sem í skólanum eru.

Fræðslunefnd áréttar að nauðsynlegt er að skólasamfélagið sé í góðu netsambandi.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 21.50